

121 Reikningur þeirrar deildar skal fylgja ársreikningi heiðursverðlaunasjóðs, og sé 15. sept. fénu skilað í hann við árslok hver.

16. gr.

Heiðursverðlaunasjóðurinn tekur í móti gjöfum.

17. gr.

Sjóðurinn má taka til starfa þegar dómnefnd hefur verið skipuð og fyrir liggur yfirlýsing framkvæmdastjórnar um það, að fullnægt sé ákvæðum 14. greinar. Heimilt er stofnendum að veita hin fyrstu verðlaun úr sjóðnum, þó að dómnefnd sé ekki skipuð.

18. gr.

Þeir aðilar, sem hér eru taldir, skulu hver um sig bærir að óska breytinga á þessari skipulagsskrá og fá þeim framgengt:

1. Stofnendur, báðir eða annar, en síðan niðjar þeirra.
2. Framkvæmdastjórn sjóðsins og dómnefnd sameiginlega.
3. Sá maður eða stofnun, sem eftirlit hefur með opinberum sjóðum að lögum.

Þær breytingar einar má gera, sem brýn nauðsyn krefur, og svo þær, sem efalaust horfa til bóta eftir stefnumarki sjóðsins. Aldrei má breyta 4. grein og ekki skerða meginatriði 8. greinar.

122

REIKNINGAR

yfir tekjur og gjöld Vallholtslegats árið 1958.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun	kr. 24959.02
2. Vextir:	
a. Af verðbréfi	kr. 5.00
b. — innstæðu í Söfnunarsjóði	— 608.32
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 281.35
d. — innstæðu í Sparisjóði Sauðárkróks	— 54.00
	— 948.67
3. Afgjald Ytra-Vallholts	— 411.00

Kr. 26318.69

Gjöld:

Eign í árslok:	
a. Verðbréf	kr. 100.00
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 11873.57
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 5913.54
d. Innstæða í Sparisjóði Sauðárkróks	— 1331.58
e. Ytra-Vallholt	— 7100.00
	kr. 26318.69

Kr. 26318.69

Biskup Íslands, Reykjavík, 27. janúar 1959.

Ásmundur Guðmundsson.